

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um samræmda áfengisstefnu á Norðurlöndum.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar eru hugmyndir ráðherra um samræmda áfengisstefnu á Norðurlöndum og hverjar verða tillögur Íslands í því efni á aukafundi heilbrigðisráðherra Norðurlanda í október?
2. Hversu miklu á íbúa ver hvert ríki á Norðurlöndunum til áfengis- og fíkniefnaforvarna?
3. Telur ráðherra að samræma eigi áfengiskaupaaldur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum varðandi kaup á léttvíni og bjór þannig að hann verði 18 ár og mun ráðherra beita sér fyrir auknu fjármagni til forvarna ef sú leið verður valin hér á landi?

Prentað upp.